



20. júní 2023  
Tilv.: 2306100

Dreifibréf númer: 27/2023

Til stjórnenda fjárhagslegra viðmiðana og aðila sem leggja fram inntaksgögn sbr. lög nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um fjárhagsleg viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar og viðmiðunarreglur um aðferðafræði, eftirlit og skjalavörslu samkvæmt reglugerð ESB um fjárhagslegar viðmiðanir

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur [ESMA70-145-1209](#) um fjárhagslegar viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar og viðmiðunarreglur [ESMA81-393-288](#) um eftirlit með aðferðafræði og skjalavörslu samkvæmt reglugerð ESB um fjárhagslegar viðmiðanir. Viðmiðunarreglunum er ætlað að vera til fyllingar við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 um fjárhagslegar viðmiðanir (hér eftir BMR) sem var innleidd í íslensk lög með lögum nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir.

Reglugerð (ESB) 2016/2011 um fjárhagslegar viðmiðanir skilgreinir þrjár gerðir af fjárhagslegum viðmiðunum. Þetta eru í fyrsta lagi svokallaðar *mjög mikilvægar viðmiðanir*, en í þann flokk falla viðmiðanir sem uppfylla kröfur um stærð og mikilvægi, í öðru lagi *mikilvægar viðmiðanir*, en þær viðmiðanir uppfylla ekki skilyrði *mjög mikilvægra viðmiðana* en uppfylla samskonar kröfur. Í þriðja flokknum eru *viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar*, en það eru viðmiðanir sem ekki teljast til hinna tveggja flokkanna.

Viðmiðunarreglur ESMA70-145-1209 fjalla um síðast talda flokkinn, þ.e. fjárhagslegar viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er m.a. að tryggja samræmda framkvæmd vegna fjárhagslegra viðmiðana sem eru ekki mikilvægar, eftirlits skv. 5. gr. BMR, inntaksgagna skv. 11. gr. BMR, gagnsæis varðandi aðferðafræði skv. 13. gr. BMR og krafna um stjórnarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram inntaksgögn og eru undir eftirliti skv. 16. gr. BMR. Viðmiðunarreglunum er beint að fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, stjórnendum fjárhagslegra viðmiðana og aðilum sem leggja fram inntaksgögn skv. lögum nr. 7/2021 um fjárhagslegar viðmiðanir.

Viðmiðunarreglur ESMA81-393-288 eiga við um allar gerðir fjárhagslegra viðmiðana en viðmiðunarreglurnar miða þó aðallega að stjórnendum mjög mikilvægra og mikilvægra fjárhagslegra viðmiðana. Tilgangur þeirra er að tryggja samræmda framkvæmd á skilyrðum tengdum breytingum á aðferðum við útreikninga, notkun á annarri aðferðafræði við útreikning í undantekningartilvikum og framkvæmd eftirlits. Afmarkaður hluti þessara viðmiðunarreglna tekur einnig til fjárhagslegra viðmiðana sem ekki eru mikilvægar þar sem viðbætur (e. amendments) eru gerðar á viðmiðunarreglum ESMA70-145-1209, sem fjallað var

SEÐLABANKI ÍSLANDS

um hér að framan. Viðmiðunarreglunum er beint að fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og stjórnendum fjárhagslegra viðmiðana skv. lögum nr. 7/2021 um fjárhagsleg viðmið.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt tengli í enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til stjórnenda fjárhagslegra viðmiðana, aðila sem leggja fram inntaksgögn og annarra sem málið varðar að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Finnur Loftsson  
lögfræðingur  
háttsemiseftirlit

